



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

178. fundur skólanefndar FS

13. maí 1993

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Kjartan Ólafsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Jón Sæmundsson, Hjálmar Arnason skólameistari og áheyrnarfulltrúarnir Bogi Hallgrímsson úr Grindavík og Jón Ingi Baldvinsson úr Vatnsleysustrandarhreppi.

Dagskrá:

1. Tillögur til fjárlaga.
2. Kennararáðningar.
3. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Tillögur til fjárlaga.

Tillögurnar hafa verið sendar í ráðuneytið með fyrirvara um samþykki skólanefndar. Tillögurnar samþykktar.

2. Kennararáðningar.

Eftirtaldir aðilar sóttu um auglýstar stöður við skólann:

Arndís Björnsdóttir; þýska
Elísabet Karlsdóttir; sálfræði, félagsfræði, enska
Erla Erlendsdóttir; þýska, spenska
Guðbjörg Jónsdóttir; þýska
Guðjón Björgvinsson; saga
Hildur Bjarnason; sálfræði
Hörður Bjarnason; íþróttir, þýska
Jón Már Björnsson; líffræði
Kolbrún Baldursdóttir; sálfræði
María A. Hreinsdóttir; þýska
Marius S. Pétursson; stærðfræði, iðngreinar
Sólveig Jónsdóttir; enska, þýska
Valgerður Þ.E. Guðjónsdóttir; þýska, raungreinar
Þorvaldur Örn Arnason; líffræði, raungreinar
Haukur Arason; eðlisfræði, stærðfræði
Svavar Bragi Jónsson; þýska, saga

Skólanefnd mælir með því að ráða Elísabetu Karlsdóttur í stöðu sálfræðikennara, Jón Má Björnsson og Þorvald Örn Arnason til kennslu í líffræði og raungreinum og Maríu A. Hreinsdóttur í stöðu þýskukennara. Þór Ásgeirsson óskar eftir endurráðningu í stöðu líffræðikennara og er það samþykkt. Gylfi Þorkelsson segir stöðu sinni sem íslenskukennari lausri. Staðan hefur verið auglýst.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja


Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

Övíst er með sérkennslu enda óljóst hve mikið fjármagn fæst til hennar. Nefndarmenn beindu því til skólameistara að hann beiti öllum tiltækum ráðum til að tryggja fjármagn til sérkennslu.

3. Önnur mál.

- a) Magnús Óskar kynnti yfirlit yfir fjölda nemenda frá árinu 1990 og spá um fjölda nemenda árið 1994 (sjá fylgiskjal).
- b) Samþykkt að deildastjórar verði hér eftir sviðsstjórar og fagstjórar beri titilinn deildastjórar. Óskað er eftir því að gert verði skipurit þar sem þessar breytingar komi fram.
- c) Samþykkt að innritunargjald fyrir næstu önn verði kr. 6.600 eins og á síðustu önn. Sömuleiðis að efnisgjald fyrir verknám verði óbreytt, kr. 5.000.
- d) Samþykkt að Ólafur Sigurðsson verði fulltrúi skólans á Iðnþingi Íslendinga sem haldið verður 22.-23. maí.
- e) Útskrift verður laugardaginn 22. maí á sal skólans og eru nefndarmenn boðnir velkomnir á athöfnina. Alls munu 77 nemendur útskrifast. Innritun stendur til 4. júní en umsóknir sem berast eftir þann tíma fara á biðlista.
- f) Samþykkt að skólanefndarmenn fái 2% og formaður 3% af þingfarakaupi fyrir fundarstörf. Mismunur frá því sem nú er greitt komi úr sjóðum skólans. Aheyrnarfulltrúar fái sömu greiðslur.
- g) Samþykkt að lágmarksgjald fyrir leigu á sal verði 10.000 kr. á dag fyrir fyrstu 4 klukkustundirnar og eftir það 1.500 kr. fyrir hverja klukkustund. Innifalið er húsvarsla, ræsting, rafmagn og hiti. Óskað er eftir því að á næsta fundi verði rætt hvernig eigi að standa að útleigu á sal og hvernig verði tryggt að félagsstarf nemenda truflist ekki vegna hennar.
- h) Jón Ingi bar fram fyrirspurn vegna meistaraskólans og mun Hjálmar kanna það nánar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

	Fjöldi Önn	Fjöldi nemenda
V 90		493
H 90		550
V 91		546
H 91		646
V 92		572
H 92		638
V 93		670
H 93 *		700
V 94 *		660
H 94 *		730

* Spó

